LANDVÉLAR

# PERMABOND A134

Permabond A134 er afar öflugt akrýllím fyrir loftfirrðar aðstæður, ætlað til varanlegrar límingar og þéttingar málmhluta. Límið lekur ekki, og hentar því afar vel til límingar stærri hluta og þar sem nokkurt bil er milli límflata. Permabond A134 getur lengt endingartíma vélhluta með því draga úr tæringu við erfiðar aðstæður.
Límið þolir hitun (150°C) í skamman tíma, sé álag á límfleti hóflegt, og kælingu allt niður í -55°C.
Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Þolir þvott með leysiefnum.
Geymsluhitastig: 5° til 25°C.

**Notkunarleiðbeiningar**

1) Bestur árangur næst ef límfletir eru fituhreinsaðir og þurrir. Aseton eða ísóprópanól henta vel til hreinsunar. Mælt er með léttri slípun límflata.
2) Berið samfellda límrönd á annan flötinn, innri flöt ef um það er að ræða.
3) Þrýstið flötum saman með snúningshreyfingum fram og aftur.
4) Gætið þess að límið komist ekki inn í legur eða í snertingu við hreyfanlega vélhluta.
5) Límda hluti má handleika eftir 15 mín.
6) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með upphitun eða Permabond Activator A905/ASC10.
.

**Merking**



**VARÚÐ.** Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegri augnertingu. BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

**GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

## 50 ml

Dreifing:

Landvélar ehf
Smiðjuvegi 66d
200 Kópavogi
Sími: 580 5800
www.landvelar.is